

Fundargerð

Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 2. mars 2022.

Staður: Fundarherbergi / skrifstofa 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Hófst kl.16.35 og lauk kl.17.45.

Mættir: Hrafnkell Marinósson, Ragnar Hilmarsson, Anna Lilja Sigurðardóttir, Sýlvía Ósk Speight og Már Sveinbjörnsson. Forföll: Aðalbjörg Óladóttir, Magnús Gunnarsson, Arnfríður Kristín Arnardóttir og Viðar Halldórsson.

Dagskrá:

1. ÍSÍ úthlutar rúmlega 543 m. kr. í afreksstyrki

Lagt fram til kynningar. 32 sérsambönd ÍSÍ sóttu um fyrir árið 2022, 30 fengu úthlutun. Stuðningur sjóðsins er að meðaltali rúmlega 19% af heildarkostnaði sérsambanda, sem er svipað og á síðasta ári. Mikilvægt að aðildarfélög ÍBH kynni sér úthlutun til sérsambanda sinna íþróttagreina, upplýsingar eru á heimasíðu ÍSÍ.

2. Heilsuefning eldri borgara

Farið yfir bréf og kynningu frá verkefnisstjórum heilsuefningar aldraðra þeim Ásgerði Guðmundsdóttur sjúkraþjálfara / íþróttakennara og Margrėti Regínu Grétarsdóttur íþróttafraeðings sem hafa aðsetur hjá ÍSÍ. Þær sendu einnig út könnun sem starfsmenn (íþróttafulltrúar) sveitarfélaga eiga að svara, en það hefur ekki verið gert af hálfu Hafnarfjarðarbæjar.

3. Siglingaþing 20. mars 2022 Íþróttamiðstöðinni Laugardal Reykjavík

Lagt fram til kynningar.

4. Frjálsíþróttaping 25. – 26. mars 2022 Selfossi

Lagt fram til kynningar og undirritað kjörbréf hefur verið sent til FH.

5. Almannaheillafélag – hvað er það?

Bréf frá KPMG lagt fram til kynningar. Þann 1. nóvember 2021 gengu í gildi breyttar reglur um skattaundanþágur lögaðila sem starfa til almannaheilla og um skattafrádrátt vegna gjafa til þeirra. Þar undir fellur m.a. mannúðar-, líkarstarfsemi, æskulýðs- og menningarstarfsemi o.fl. Um tvenns konar frádrátt er að ræða. Annars vegar er heimild atvinnufyrirtækja til frádráttar sem nemur fjárhæð gjafa, þó að hámarki 1,5% rekstrartekna gefanda á viðkomandi ári. Hins vegar er frádráttarheimild fólks utan rekstrar sem nemur fjárhæð gjafa, þó að hámarki 350.000 kr. á ári (700.000 kr. samtals hjá samsköttuðu fólki). Gjafir undir 10.000 kr. á ári veita ekki frádráttarrétt. Nægjanlegt er að landssamtek séu skráð á almannaheillaskrá hjá skattinum. Fundarmenn sammála því að ÍBH sendi bréf á ÍSÍ og óski eftir því að íþróttafélög undir ÍSÍ séu skráð á almannaheillaskrá hjá skattinum.

- 6. Ársþing Taekwondosamband Íslands 22. mars 2022 Íþróttamiðstöðinni Laugardal Reykjavík**
Lagt fram til kynningar.
- 7. Viðbragðsteymi aðildarféлага ÍBH við óvæntum atburðum**
Viðbragðsteymi ÍBH fundaði í febrúar sl. og vann drög að breytingum á verkferlum við óvæntum atburðum. M.a. var ákveðið að taka óháð fagráð Hafnarfjarðarbæjar út úr verkferlum og setja í stað þess inn samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsmála. Ennfremur var samþykkt að tilkynna Hafnarfjarðarbæ um að óháð fagráð Hafnarfjarðarbæjar yrði tekið út.
- 8. Tímaúthlutunarreglur ÍBH – endurskoðun**
Fyrirliggjandi drög samþykkt.
- 9. Tímaúthlutunarnefnd ÍBH 2022 – 2023**
Samþykkt að fulltrúar eftirtalinna féлага verði í nefndinni:
Fimleikafélagið Björk.
Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar.
Knattspyrnufélagið Haukar.
Fimleikafélag Hafnarfjarðar.
Bogfímifélagið Hrói Höttur.
Íþróttafélagið Fjörður.
Blakfélag Hafnarfjarðar.
Framkvæmdastjóra ÍBH var falið að hafa samband við félögin og biðja þau um að tilnefna fulltrúa í nefndina.
- 10. Ársreikningur ÍBH fyrir 2021**
Lagður fram til kynningar.
- 11. Ársreikningur Afrekssjóðs ÍBH fyrir 2021**
Lagður fram til kynningar.
- 12. Önnur mál**
- a). HM fór yfir vinnu kynningar- og samfélagsmiðlanefndar í febrúar sl. Stefnt er að góðri þátttöku íþróttafélaga í Björtum dögum í ári. Stefnt verður að því að fá markaðsfulltrúa með fyrirlestur um samfélagsmiðla t.d. á fulltrúaráðsfund vorið 2022. Auka þarf aðgengi íþróttafélaga á kynningum íþróttagreina í grunnskólum bæjarins.
- b). RH hafði sambandi við Sportabler varðandi starfsskýrsluskil ÍSÍ í kerfið í vor. Var honum tjáð að öll íþróttafélög fengju aðgang að kerfinu í gegnum sveitarfélögin.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.